



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 23. september 2025

MSS25090056

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við hverfadaga borgarstjóra

Á fundi borgarráðs þann 11. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er upplýsinga um þann kostnað sem fellur á skattgreiðendur vegna fundaraðar borgarstjóra í hverfum Reykjavíkurborgar sem hefst átta mánuðum fyrir kosningar. Óskað er upplýsinga um allan kostnað sem fylgir fundaröðinni, þar með talið en ekki takmarkað við, kostnað við markaðssetningu, efni á samfélagsmiðlum, veitingar, aðstöðuleigu og yfirvinnu starfsfólks. Jafnframt er óskað upplýsinga um þann samanlagða fjölda vinnustunda sem starfsfólk borgarinnar, að borgarstjóra meðtöldum, mun verja í heimsóknirnar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 16. september sl.

Svar við fyrirspurn:

Heildarkostnaður við heimsóknir borgarstjóra í öll hverfi á Hverfadögum er áætlaður um 10 milljónir eða um eina milljón kr. á hvert hverfi og er kostnaður innan ramma. Kostnaður felst m.a. í auglýsingum og opnum viðburðum. Ekki er eingöngu um að ræða heimsókn borgarstjóra í hverfið heldur mæta stjórnendur og starfsmenn ólíkra sviða ásamt borgarstjóra til að ræða við íbúa, fjalla um ákvarðanir, verkefni og áskoranir hvers hverfis fyrir sig. Borgarstjóri heimsækir einnig skóla og stofnanir, starfsfólk borgarinnar í viðkomandi hverfi, ræðir við fulltrúa félagasamtaka, íþróttafélaga og foreldrafélaga, svo eitthvað sé nefnt. Áætlaður fjöldi vinnustunda starfsmanna Reykjavíkurborgar er um 480 klukkustundir fyrir hvert hverfi. Í mörgum tilfellum sinnir starfsfólk einnig sínum venjubundnu verkefnum þessa daga í hverfinu en ekki á sinni föstu starfsstöð.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík